

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 68 – 26.04.2006

Miðvikudaginn 26. apríl, árið 2006, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Gagnaveita Skagafjarðar
2. Erindi frá rektor Hólaskóla
3. Tæknifundur Samorku í Stykkishólmi 12 og 13 maí nk.
4. Önnur mál.
 - a. Umsögn til Iðnaðarnefndar Alþingis.
 - b. Borun sjóholu.
 - c. Fundur með Orkuveitu Reykjavíkur 10. apríl sl.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Á fundinn kom Áskell Heiðar Ásgerisson sviðsstjóri Sv. Skagafjarðar. Sigrún Alda og Áskell Heiðar gerður grein fyrir þeim fundi sem þau áttu með Byggðaráði Sv. Skagafjarðar í gær. Farið yfir stöðu mála.
2. Lagt fram bréf dags 30. mars 2006 frá Hólaskóla þar sem kemur fram ósk um stuðning við uppbyggingu kennslu og rannsókna í náttúru- og heilsutengdri ferðaþjónustu við Hólaskóla – Háskólann á Hólum. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. fagnar þeirri uppbyggingu sem hefur verið undanfarin ár á Hólum og hefur haft margfeldisáhrif út um Héraðið. Skagafjarðarveitur ehf. hafa lagt Hólaskóla lið beint og óbeint á liðnum árum m.a. með stofnun sjóveitu og með kaupum á Hitaveitu Hjaltadals og vatnsveituni á Hólum. Skagafjarðarveitur ehf. standa nú í miklum framkvæmdum og miklar framkvæmdir framundan, því sér stjórn Skagafjarðarveitna ehf. sér ekki fært að verða við erindinu.
3. Lögð fram dagskrá tæknifundar Samorku í Stykkishólmi 12. og 13. maí nk.
4. Önnur mál.
 - a. Umsögn við bréfi Iðnaðarnefndar Alþingis frá 11. apríl 2006 um frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, 614. mál, styrkir til hitaveitna. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. tekur undir þær athugasemdir sem aðalfundur Samorku

samþykkti 10. mars sl. að endurgreiðslutími til nýrra hitaveitna og stækkunar eldri verði lengdur úr 8 árum í 15 ár. Einnig að árlegt hámark styrkveitinga verði hækkað úr 20% í 40%

- b. Bor frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða ehf. boraði 30 m. djúpa sjótökuholu við sandfangaran 10. apríl sl. sem áætlað gefi yfir 50 l/sek.
- c. Rætt um fund sem stjórn Skagafjarðarveitna ehf. átti með starfsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur um gagnaveitu í Reykjavík 10. apríl sl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30

Árni Egilsson (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Einar Gíslason (sign)

Gísli Árnason (sign)

Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.